

Álit

um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2012 (04 Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og 11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá 1. minni hluta atvinnuveganefndar.

Inngangur.

Vinna atvinnuveganefndar við undirbúning álits til fjárlaganefndar einskorðaðist við fundi með fulltrúum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis og iðnaðarráðuneytis. Einnig mættu á fund nefndarinnar fulltrúar tveggja stórra stofnana fyrrgreinda ráðuneytisins, Matvælastofnunar (MAST) og Hafrannsóknastofnunarinnar. Álit 1. minni hluta er því þeim takmörkunum háð sem leiðir af því að hafa einvörðungu nálgast upplýsingar um þessi mál út frá þessum forsendum.

Það er sammerkt með báðum þessum ráðuneytum að fjárlagatillögurnar sem liggja fyrir í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012 lúta almennum kröfum um hagræðingu sem birtist í frumvarpinu, með undantekningum þó sem nánar verður vikið að hér á eftir.

Sjávarútvegs og landbúnaðarráðuneyti.

Sérstaða sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins við fjárlagagerð felst í því að tveir þættir eru ráðandi í útgjöldum þess, annars vegar búvörusamningarnir og hins vegar umfangsmikil rannsóknar og þróunarstarfsemi. Sú ákvörðun var lögð til grundvallar við fjárlagagerðina að hvað búvörusamningana áhrærir yrði fylgt þeim samningum sem gerðir hafa verið af hálfu ríkisvaldsins við bændur. Útgjöld vegna þeirra nema um helmingi af heildarútgjöldum ráðuneytisins. Af því leiðir að heildarniðurskurður ráðuneytisins verður í heild minni að hlutfalli en sem nemur hagræðingarkröfunni.

Nýir búvörusamningar voru gerðir við bændur 2009. Samningarnir eru vísitölubundnir en með samþykkt fjárlaga það ár var ákveðið að skerða þær greiðslur þannig að bændur nutu ekki fullra verðlagsbóta. Samningarnir gerðu ráð fyrir verðlagsbótum en með takmörkunum þó, þannig að verðlagsbæturnar yrðu aldrei meiri en 5%. Vegna verðlagsþróunar á tímabilinu frá 2009 hefur þetta leitt til skerðingar hvað mjólkursamningana áhrærir um 7,2 – 9,6% og hvað varðar sauðfjárframleiðsluna 6,4 – 8,6%.

Jafnframt þessu var ákveðið að lækka greiðslur vegna svokallaðra búnaðarlagasamninga verulega og í fjárlögum yfirstandandi árs voru framlög vegna Framleiðnisjóðs skornin niður um 90%. Inneign sjóðsins gerði honum kleyft að halda áfram starfsemi sinni, þó í mjög skertri mynd á þessu ári. Segja má að þessari stefnu sé haldið áfram með því að framlög til sjóðsins nema um 25 millj. kr. á næsta ári samkvæmt frumvarpinu, sem er hækkun frá gildandi fjárlögum um 10 millj. kr. Ljóst er að þetta skerðir mjög starfsgetu sjóðsins. Einnig verður að vekja athygli á því að landbúnaðarháskólarnir, einkanlega á Hvanneyri, hafa fengið umtalsvert fé úr sjóðnum í gegnum tíðina. Þessi stefnumörkun veldur því að rannsóknarfé skólanna mun minnka sem þessu nemur. Þá verður ekki á næsta ári, fremur en á yfirstandandi ári, gert ráð fyrir fjármunum úr ríkissjóði til Lífeyrissjóðs bænda sem áður hafði tíðkast. Þessi ákvörðun hefur ekki áhrif á Lífeyrissjóð bænda heldur mun koma fram í lækkandi ráðstöfunartekjum bænda þar sem þeir þurfa að reiða fram þetta mótframlag sem

greitt hefur verið úr ríkissjóði fram til þessa. Er annars vegar um að ræða 8% skerðingu vegna greiðslu mótfamlags og hins vegar kemur til viðbótar 0,7% þynging við útreikning tryggingagjaldsins.

Á árinu 2007 var ákveðið að verkefni Skógræktar og Landgræðslu yrðu flutt undir umhverfissráðuneytið úr landbúnaðarráðuneytinu og tók sú ákvörðun gildi í ársbyrjun 2008. Jafnframt var ákveðið að eyrnamerkja sérstaklega rannsóknarfé til þessara málaflokka sem rynnu til Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Tilgangurinn var sá að tryggja að skólinn gæti áfram sinnt landbúnaðartengdum rannsóknum á þessu sviði. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ráðuneytið lét nefndinni í té er ljóst að þessar fjárveitingar hafa lækkað umtalsvert að raungildi og verður svo einnig, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu. Framreiknuð til verðlags hvers árs má sjá að þau hefðu átt að nema um 230 millj. kr. en fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að þessi upphæð nemi um 180 millj. kr. Þetta hefur ásamt skerðingu á Framleiðnisjóði áhrif á getu skólans til þess að standa undir áformuðum rannsóknum.

Hafrannsóknastofnunin.

Hafrannsóknastofnunin hefur lotið almennri hagræðingarkröfu. Stofnunin hefur hins vegar notið umtalsverðra fjárveitinga úr svokölluðum VS-sjóði, Verkefnasjóði sjávarútvegsins. Tekjugrunnur sjóðsins er hins vegar óvissu háður. Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins virðist þróunin vera sú nú um stundir að tekjur sjóðsins hafa dregist saman. Má því ætla að fjármunir sem þaðan renna til Hafrannsóknastofnunarinnar muni dragast saman. Af öðrum brúttótekjum stofnunarinnar er helst að nefna tekjur vegna togara- og netaralls o.fl. um 250 millj.kr. Um 80% kostnaðar stofnunarinnar fara til svokallaðra vöktunarverkefna, þ.e. verkefna sem lúta að vinnu við stofnstærðarmælingar og skyldra hluta. Undan þeim verkefnum verður ekki vikist. Því blasir við að skorið verði niður í öðrum verkefnum, svo sem verkefnum á sviði umhverfismælinga, t.d. vegna lotlagsbreytinga, og ýmissa annarra verkefna. Stofnunin glímir eðli málsins samkvæmt líka við að hækkun olíuverðs kemur illa við reksturinn. Olíuverð hefur hækkað um 53% frá árinu 2009 og veiðarfærakostnaður fylgir mjög þeirri verðþróun. Þessum vanda hefur ekki verið mætt með sérstökum fjárveitingum.

Matvælastofnun.

Matvælastofnun hefur samkvæmt upplýsingum stofnunarinnar tekið á sig hagræðingarkröfu upp á um 210 millj. kr. frá árinu 2009 til og með fjárlagafrumvarps næsta árs. Á sama tíma hefur stofnunin axlað ný verkefni, einkanlega vegna nýrrar matvælalöggjafar. Var gert ráð fyrir þeirri kostnaðaraukningu í fjárlögum 2007, 2009, 2010 og 2011. Innleiðingu löggjafarinnar er lokið og sá kostnaður fellur því niður. Hins vegar kallar löggjöfin á aukinn rekstrarkostnað. Honum verður að hluta a.m.k. mætt með þóknunarframlögum, svo sem vegna eftirlits sem skoðunarstofur önnuðust áður en stofnunin hefur nú yfirtekið þá starfsemi. Af þeim upplýsingum sem fram komu á fundi með fulltrúum stofnunarinnar, má ætla að eftir að tekið hefur verið tillit til hagræðingarkröfunnar og þeirra fjármuna sem stofnunin fékk vegna matvælalöggjafarinnar séu fjárveitingar til hennar nokkurn veginn á pari. Stofnunin átti um 76 millj. kr. varasjóð í upphafi árs vegna þess að greiðslur til hennar vegna innleiðingar matvælalöggjafar bárust hraðar inn en nam áföllnum kostnaði. Gengið hefur á þennan sjóð á þessu ári vegna tapreksturs hennar.

Iðnaðarráðuneyti.

Í umfjöllun um fjárlagaliði þessa ráðuneytis verða gerðir að umtalsefni þrjár fjárlagaliðir: Niðurgreiðslur vegna húshitunarkostnaðar, Byggðastofnun og endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar.

Niðurgreiðslur vegna húshitunarkostnaðar.

Niðurgreiðslur vegna húshitunarkostnaðar hafa farið lækkanði á síðustu árum. Er áætlað að þær muni nema tæpum 1,2 milljörðum kr. á næsta ári. Þessi fjárlagaliður hefur tekið á sig hlutfallslegar skerðingar. Innan hans er stærsta útgjaldatalan beinar niðurgreiðslur til þess að lækka húshitunarkostnað á köldum svæðum. Einnig er varið fjármunum af þessum fjárlagalið til óbeinna ráðstafana sem eiga að stuðla að lækkun húshitunarkostnaðar. Sú stefna hefur verið mörkuð að láta þær skerðingar sem þessi fjárlagaliður hefur tekið á sig bitna sem minnst á beinum niðurgreiðslum.

Fram kom að nú sé að störfum nefnd sem vinni að tillögum um frekari aðgerðir. Ljóst má vera að slíkt kallar á fjárveitingar ríkisins strax á næsta ári.

Staða byggðastofnunar.

Byggðastofnun er í þeirri stöðu að eiginfjárhlutfall hennar er fyrir neðan lögbundið lágmark og starfar hún nú á tímabundinni undanþágu frá Fjármálaeftirlitinu. Fé var veitt á fjárlögum þessa árs til þess að styrkja eiginfjárgrunninn og fyrir liggur það mat stofnunarinnar og iðnaðarráðuneytisins að 2 milljarða kr. vanti til þess að styrkja eigið fé hennar. Ljóst er að þessi staða torveldar mjög stofnuninni að vera virkur gerandi í lánveitingum á svæðum þar sem örðugt hefur verið um útvegum lánsfjár til fjárfestinga. Óhjákvæmilegt er því að taka afstöðu til þess hvernig þessum málum verði skipað. Starfsemi stofnunarinnar á undanþágu er ekki líkleg til þess að skila árangri í byggðalegu tilliti.

Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar.

Upplýst var á fundi atvinnuveganefndar með fulltrúum iðnaðarráðuneytisins að verulegt fé vanti til þess að standa við skuldbindingar varðandi endurgreiðslur á kostnaði vegna kvikmyndagerðar. Lögin fela í sér að slíkar endurgreiðslur geti numið allt að 20% af kostnaði hvernar kvikmyndar auk styrkja frá Kvikmyndasjóði, samtals allt að 50% af heildarkostnaði. Augljóst er hins vegar að fjárlög hljóta að ráða því hversu hraðar slíkar útgreiðslur úr ríkissjóði geti orðið. Það er ótækt verklag að áætla fjármuni til viðfangsefnisins en kalla síðan eftir margföldun fjárveitingarinnar í gegnum fjárukaulög, eins og nú á sér stað. Þetta fyrirkomulag verður því að taka til endurmats. Leggja þarf mat á árangur þessarar aðferðar, hverju hún hefur skilað í aukinni atvinnusköpun og skatttekjum, skiptingu þessarar endurgreiðslu á milli innlendrar og erlendrar kvikmyndagerðar og með hvaða hætti hún hafi stuðlað að eflingu íslenskrar kvikmyndagerðar.

Lokaorð.

Fyrsti minni hluti áréttar að umfjöllun hans um fjárlagafrumvarpið er háð þeim annmörkum sem bent var á í upphafi þessa álits. 1. minni hluti telur að fyrir fjárlagagerð á næsta ári verði farið yfir það hver eigi að vera aðkoma einstakra fagnefnda að vinnu við fjárlagagerðina. Þar þarf að hafa í huga að ekki verði um tvíverknað að ræða og hvort hægt sé að leggja skýrari línur um verkaskiptingu fagnefndanna og fjárlaganefndar til þess að tryggja að fjárlagavinnan verði sem markvissust og skili sem bestum árangri.

Alþingi, 17. nóvember 2011.

Einar K. Guðfinnsson.

Jón Gunnarsson.